

Mál nr. 288/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Ágreiningur um bótaskyldu vegna umferðaróhapps 14. maí 2018.****Gögn.**

Málskot, móttakið 30. ágúst 2019, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 24. september 2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að umferðaróhapp hafi átt sér stað hinn 14. maí 2018 með þeim hætti að bifreiðinni X hafi verið ekið aftan á bifreið sem M ók. Skýrsla var ekki gerð á staðnum en fyrir liggur tjónstilkynning þar sem atvik og aðdragandi áreksturs er skýrður af báðum ökumönnum. Er slík skýrsla gerð 4. júní 2018 og þar er haft eftir M að hún hafi tagnað í baki. Í málinu liggur einnig fyrir sérstök tjónstilkynning M til V dags. 4. júní 2018 þar sem hún gerir grein fyrir því að hún hafi fengið hnykk á bak við áreksturinn. Í gögnum málsins liggja einnig fyrir upplýsingar um að M hafi leitað til læknis 22. maí 2018 og þar lýst óþægindum sem hún rakti til áreksturs og fengið þá beiðni um sjúkraþjálfun. Einnig liggja m.a. fyrir upplýsingar um fyrra heilsufar frá heimilislækni.

M gerir kröfu um að nefndin úrskurði um „fulla bótaskyldu“ úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V og vísar til þeirra læknisfræðilegu gagna sem liggja fyrir í málinu sem sönnun um að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn.

V telur að orsakatengsl milli áreksturs og þeirra einkenna sem M kveðst hafa séu ósönnuð og vísar um það fyrst og fremst til þess að nær engar skemmdir hafi orðið á bifreið M eða bifreiðinni X við áreksturinn. Einnig vísar V til þess að M hafi ekki leitað til læknis fyrr en 8 dögum eftir áreksturinn og að M hafi lent í umferðarslysi áður, eða á árinu 2004 og þá fengið svipuð einkenni.

Álit.

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynningarskýrsla um að það hafi orðið árekstur þannig að ökumaður bifreiðar X hafi ekið aftan á bifreið sem M ók. Af myndum af bifreiðunum að dæma hefur er ekki mikið sýnilegt tjón á þeim, en enginn ágreiningur virðist þó vera um að ökumaður bifreiðar X beri fulla ábyrgð á árekstrinum, með þeirri saknæmu háttsemi að hafa ekki haft nægilegt bil á milli bifreiða, sbr. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Það tjón sem M hefur orðið fyrir vegna árekstursins er því þegar af þeirri ástæðu bótaskyld úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Þegar kemur að því að taka afstöðu til þess hvort M hafi nægilega sýnt fram á í þessu máli að hún hafi orðið fyrir einhverju tjóni vegna árekstursins verður að líta til þess að M kveðst hafa fengið einkenni eftir áreksturinn strax, þó hún hafi ekki leitað til læknis vegna þeirra fyrr en 8 dögum seinna. Eins og málið liggur fyrir nefndinni verður að leggja til grundvallar að M hafi með því sýnt fram á að hún hafi fundið fyrir líkamlegum einkennum það stuttu eftir áreksturinn að líkur eru á því að hann hafi haft einhver áhrif á heilsu hennar. Hvort slíkar afleiðingar eru eingöngu tímabundnar eða hvort þær eru varanlegar felur í sér afstöðu til bótafjárhæðar sem ekki eru forsendur til að fjalla um hér, enda þarf samþykki beggja aðila málsins til slíkrar umfjöllunar skv. samþykktum nefndarinnar.

Í mati nefndarinnar til bótaskyldu felst því sú afstaða að M hafi sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir einhverju líkamstjóni en ekki hvort meiri líkur en minni séu á því að afleiðingar þess séu varanlegar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna afleiðinga líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu X hjá V, að því marki sem sýnt er fram á umfang þess tjóns.

Reykjavík, 15. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.